

ÁRSSKÝRSLA

SAMRÁÐSNEFNDAR UM HÚSALEI GUBÆTUR
ÁRI Ð 2001

Félagsmálaráðuneytið
Samráðsnefnd um húsaleigubætur
Desember 2002

EFNISYFIRLIT

Formáli	3
1. Lög og reglugerðir á sviði húsaleigubóta á árinu 2001	4
2. Greiðslur húsaleigubóta	6
3. Fjöldi bótaþega	8
4. Almennar og félagslegar íbúðir	9
5. Staða bótaþega	11
6. Fjölskyldugerð bótaþega	13
7. Tekjur bótaþega	15
8. Fjöldi leiguíbúða eftir stærð	16
9. Lengd húsaleigusamnings	17
Viðauki	18

Formáli

Árið 2001 er sjöunda ár húsaleigubóta á Íslandi. Á árinu varð veruleg aukning á fjölda bótaþega og fjármagni til greiðslu húsaleigubóta. Alls greiddu 97 sveitarfélög húsaleigubætur en þau 27 sveitarfélög sem ekki greiddu bætur voru fyrst og fremst fámenn dreifbýlissveitarfélög. Heildarfjöldi leigjenda sem fengu húsaleigubætur voru 4.611 en fyrsta árið voru þeir 1.249 talsins. Fjölgun miðað við árið 2000 var um 9,8 af hundraði. Ætla má að 25–30% allra leigjenda í félagslegum og almennum leiguíbúðum fái húsaleigubætur. Bæturnar skiptast sem næst til helminga milli almennra og félagslegra leiguíbúða.

Samráðsnefndin hefur fylgst náið með framkvæmd laganna og leitað eftir ábendingum sveitarfélaga um atriði sem betur mega fara. Með hliðsjón af tillögum sem fram hafa komið var lögnum breytt á árinu. Jafnframt varð gerð sú breyting á lögum um tekju- og eignarskatt að húsaleigubætur voru undanþegnar skattskyldu. Samráðsnefndin óskaði eftir því við Þjóðhagsstofnun að lagt yrði mat á áhrif þessarar mikilvægu breytingar. Niðurstöður voru þær að samkvæmt gögnum um greiðslur húsaleigubóta í Reykjavík á árinu 2001 var talið líklegt að breytingin leiði t.d. til hækkunar á ráðstöfunartekjum 91% bótaþega og næmi hækkunin 4% að meðaltali. Almennt séð eru bótaþegar húsaleigubótakerfisins úr hópi lágtekjufólks, því 88% allra bótaþega bjuggu árið 2001 við lægri heildartekjur en tvær milljónir króna. Þegar athuguð er innbyrðis skipting bótaþega eftir mismunandi stöðuhópum frá upphafi ársins 1995 og fram til ársins 2001, kemur í ljós að hlutfall aldraðra og öryrkja innan hópsins hefur aukist nokkuð á tímabilinu.

Samráðsnefnd um húsaleigubætur starfar skv. 11. gr. reglugerðar um húsaleigubætur, nr. 4/1999. Verkefni nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd laga og reglugerðar um húsaleigubætur. Í ársskýrslu þessari er greint frá framkvæmd laganna á árinu, upplýsingaöflun og þeim breytingum sem orðið hafa á lagaumhverfinu. Félagsmálaráðherra skipaði árið 1998 til fjögurra ára eftirtalda í samráðsnefndina: Karl Björnsson, bæjarstjóra Árborgar, Láru Björnsdóttur, félagsmálastjóra í Reykjavík, Óskar Pál Óskarsson, lögfræðing í félagsmálaráðuneytinu, Elínu Gunnarsdóttur, deildarsérfræðing, sem ritara nefndarinnar, og Inga Val Jóhannsson, deildarstjóra, sem formann samráðsnefndarinnar.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga annast greiðslur á framlagi ríkisins til sveitarfélaganna. Greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs á árinu var 55%. Í ársskýrslunni er gerð grein fyrir upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um útborgun sveitarfélaga á húsaleigubótum. Árlega lætur samráðsnefndin gera könnun á útborgun húsaleigubóta til einstaklinga. Gerð er grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar og gerður samanburður við fyrri ár.

Framkvæmd laganna gekk vel á árinu 2001. Húsaleigubæturnar eru augljóslega húsnæðispolítísk aðgerð sem hefur mesta þýðingu fyrir lágtekjuhópa og eru því í raun mjög virkt stjórnæki til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu.

Ingi Valur Jóhannsson
formaður samráðsnefndar um húsaleigubætur

1. Lög og reglugerðir á sviði húsaleigubóta á árinu 2001

Á árinu voru engar reglugerðir settar vegna laga um húsaleigubætur en lögunum var breytt. Breytingarlög nr. 52/2001 á lögum nr. 138/1997 um húsaleigubætur tóku gildi 13. júní 2001. Helstu breytingar voru þær að sveitarfélög og leigjendur þeirra eru leyst undan skyldu til þinglýsingar á leigusamningi þar sem sveitarfélögin eru í senn leigusalar og greiðendur húsaleigubóta. Þá voru áhrif skyldleikatengsla minnkuð og réttur til húsaleigubóta rýmkaður til að koma betur til móts við þá hópa sem búa við sérstakar aðstæður, svo sem fatlaða á sambýlum og námsmenn á framhalds- eða háskólastigi sem leigja á heimavist eða á námsgörðum. Þá voru samþykktar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt sem fela í sér að húsaleigubætur teljast ekki til skattskyldra tekna. Nánari umfjöllun um lagabreytingarnar er eftirfarandi:

Undanþága veitt frá skyldu til þinglýsingar húsaleigusamninga

Við 3. mgr. 4. gr. og 1. tölul. 11. gr. laganna bættust við eftirfarandi: Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga eða félaga sem eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga.

Áhrif skyldleikatengsla eru minnkuð

Ákvæði 6. gr. laga nr. 138/1997 varðandi skyldleikatengsl milli annars vegar leigjanda og annarra íbúa og hins vegar leigusala var fært til fyrra horfs, það er eins og 7. gr. laga nr. 100/1994 hljóðaði áður. Þannig orðast 1. tölul. 6. gr. laganna svo: Ef umsækjandi eða einhver sem í húsnæðinu býr með honum er skyldmenni leigusala sem býr í sama húsi í beinan legg eða kjörbarn, fósturbarn, systkini, barn þeirra eða tengdaforeldri. Við ákvæðið bættist því orðalagið „sem býr í sama húsi“.

Hópar sem búa við sérstakar aðstæður

Við 7. gr. laganna bættist ný málsgrein, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. mgr. um íbúðarhúsnæði hafa fatlaðir sem búa saman á sérstökum sambýlum fyrir fatlaða rétt til húsaleigubóta. Undanþága þessi gildir einnig um námsmenn sem eru í námi á framhalds- eða háskólastigi og leigja á heimavist eða á námsgörðum. Með breytingunni er réttur til húsaleigubóta rýmkaður til að koma betur til móts við þá hópa sem búa við sérstakar aðstæður, þ.e. fatlaða á sambýlum og námsmenn á framhalds- eða háskólastigi sem leigja á heimavist eða á námsgörðum (stúdentagörðum).

Fatlaðir á sambýlum

Markmiðið með þessari breytingu er að bæta rétt öryrkja sem búa á sambýlum þar sem hluti rýmisins er sameiginlegur, svo sem eldunaraðstaða, stofur og jafnvel baðherbergi. Þeir öryrkjar sem greiða húsaleigu og búa sannanlega á sambýlum fyrir fatlaða eiga því rétt á húsaleigubótum.

Námsmenn


Lagt var til að stúdentar sem búa í herbergjum með sameiginlegum aðgangi að eldunaraðstöðu, stofum og baðherbergjum eigi einnig rétt til húsaleigubóta. Rétt þótti að láta undanþágu þessa taka til námsmanna á framhalds- og háskólastigi sem leigja á heimavist eða á námsgörðum (stúdentagörðum). Í þessum tilvikum telst aðstaða þeirra „íbúðarhúsnæði“.

Skattskylda húsaleigubóta afnumin

Með lögum nr. 133/2001 samþykkti Alþingi lög um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Í e-lið 17. gr. laganna var gerð breyting á 28. gr. laga nr. 75/1981. Lögin tóku gildi 1. janúar 2002. Þannig að þær húsaleigubætur sem eru greiddar út vegna ársins 2002 og síðar eiga ekki að teljast til (skattskyldra) tekna.

2. Greiðslur húsaleigubóta

Um greiðslur húsaleigubóta ársins 2001 liggja fyrir ítarlegar upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem samráðsnefnd um húsaleigubætur hefur frá árinu 1996 byggt árlega skýrslugerð sína á. Mynd 1 hér að neðan sýnir hvernig greiðslur sveitarfélaga vegna húsaleigubóta hafa þróast frá upphafsárinu 1995 til ársins 2001.



Heildargreiðslur húsaleigubóta hafa – eins og glögglega sést – farið stighækkandi ár frá ári. Þannig var raunvirði bótagreiðslanna árið 2001 167% hærra en á upphafsári húsaleigubótakerfisins. Aukningin varð mest um 30% árið 1998, enda um að ræða verulega aukinn rétt til húsaleigubóta með lagabreytingu það ár. Árið 1999 varð um 20% raunvirðisaukning á bótagreiðslum og árin 2000 og 2001 hefur orðið um 10% raunvirðisaukning hvort ár um sig. Þróun bótagreiðslanna er dregin saman í töfluformi hér að neðan.

Tafla 1
Húsaleigubætur 1995–2001
í milljónum króna á föstu verðlagi í júní 2002


	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
Húsaleigubætur (á verðlagi hvers árs)	215,4	311,1	319,3	418,6	516,5	596,0	705,9
Húsaleigubætur (á föstu verðlagi júní 2002)	277,1	391,4	394,6	508,8	607,0	666,9	740,5
Breytingar frá fyrra ári		41,2%	0,8%	28,9%	19,3%	9,9%	11,0%
Magnvístölur (1995=100)	100	141	142	184	219	241	267

Til greiðslu húsaleigubóta leggja sveitarfélögin fram fjárveitingar og jafnframt greiðir Jöfnunarsjóður sveitarfélaga ákveðinn hluta bótanna sem framlag ríkisins til húsaleigubóta samkvæmt reglugerð nr. 4/1999. Framlag ríkissjóðs er ákveðið 280

millj. kr. í 3. gr. laga nr. 138/1997 miðað við 1. janúar 1998 en breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Hlutur Jöfnunarsjóðsins hefur breyst lítillega milli ára og hefur verið á bilinu 55–60% en féll þó niður í 50% árið 1998.

Greiðslur Jöfnunarsjóðs skulu inntar af hendi eigi síðar en 20. apríl, 20. júlí, 20. október og 20. janúar ár hvert. Sveitarfélögin skila með umsóknum sínum inn upplýsingum um heildarupphæð húsaleigubóta og lista yfir bótaþegana. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir sveitarfélögunum miðað við grunnfjárhæðir bóta. Við hverja ársfjórðungslega greiðslu úr Jöfnunarsjóði heldur hann eftir 5% af útreiknaðri greiðslu svo unnt sé að mæta því ef heildargreiðslurnar fara fram úr áætlunum sveitarfélaganna. Fyrir 1. mars ár hvert er sveitarfélögunum gert að áætla heildargreiðslur húsaleigubóta miðað við gildandi grunnfjárhæðir.


Mynd 2 sýnir þróun greiðslna sveitarfélaganna og Jöfnunarsjóðs vegna húsaleigubóta.



Greiðsla Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2001 var á svipuðu róli og undanfarin ár, hún nam 55,3% af greiðslum sveitarfélaganna, samanborið við 58,0% árið á undan. Þess skal getið að sveitarfélögunum er heimilt að greiða hærri bætur en svara til ákvarðaðra grunnfjárhæða, hins vegar reiknast framlag Jöfnunarsjóðs ætíð á grundvelli þessara grunnfjárhæða.

3. Fjöldi bótaþega

Samkvæmt þeim upplýsingum er samráðsnefnd um húsaleigubætur safnaði meðal sveitarfélaga landsins í maí árið 2001 reyndist heildarfjöldi húsaleigubótaþega þá vera 4.611, samanborið við 4.198 á sama tíma árið 2000, sem er fjölgun um 9,8 af hundraði milli ára. Árið áður hafði bótaþegum fjölgað nokkru meira, þ.e. um 12,3% en þar er þess að gæta að í byrjun ársins 2000 hófust greiðslur til íbúa í félagslegum leiguíbúðum sem ekki höfðu haft bótarétt áður. Þróun heildarfjölda bótaþega 1995–2001 er sýnd í mynd 3.



Myndin sýnir vel með hverjum hætti húsaleigubótakerfið hefur verið að festa rætur á þeim árum sem liðin eru síðan því var komið á fót. Áform um auknar byggingar leiguhúsnæðis á komandi árum standa á mun traustari grundvelli en ella vegna tilkomu húsaleigubótakerfisins.

Í leigumarkaðskönnun Hagstofu Íslands frá því í marsmánuði 1999 kom fram að 27% leigjenda nutu húsaleigubóta. Þar sem fjöldi leiguíbúða í landinu er nú um 15–17 þúsund talsins má ætla að um 25–30% allra leigjenda í almennum og félagslegum leiguíbúðum fái húsaleigubætur.

4. Almennar og félagslegar íbúðir


Frá upphafi húsaleigubótakerfisins 1995 hefur umfang þess, eins og lýst var hér að framan, smám saman aukist. Árið 2001 greiddu 97 sveitarfélög húsaleigubætur; þau 27 sem engar slíkar bætur greiddu voru fyrst og fremst fámenn dreifbýlissveitarfélög. Árið 1999 voru það samtals 78 sveitarfélög sem greiddu húsaleigubætur, 19 sveitarfélög hafa því bæst í hóp þeirra sem taka þátt í húsaleigubótakerfinu frá 1999. Árið 2000 greiddu 89 sveitarfélög bætur, þannig að milli árunna 2000 og 2001 bættust 8 sveitarfélög í hóp þeirra sem greiða húsaleigubætur. Samtals 88 sveitarfélög greiddu bætur vegna almennra íbúða og 60 vegna félagslegra íbúða. Alls 34 sveitarfélög greiddu einungis bætur til almennra íbúða og 3 aðeins bætur vegna félagslegra íbúða.

Tafla 2 hér á eftir sýnir hvernig heildargreiðslur húsaleigubóta dreifast eftir landshlutum. Alls runnu 53% bótagreiðslanna til leigjenda íbúða á almennum markaði og 47% til leigjenda í félagslegum íbúðum og hefur það hlutfall hækkað úr 43% á árinu 2000. Hluttur félagslegra leiguíbúða hefur aukist ár frá ári frá því að slíkar greiðslur hófust eftir gildistöku lagabreytinga árið 1998 (sjá nánar í töflu 4 í viðauka).

Tafla 2						
Greiddar húsaleigubætur árið 2001						
vegna almennra og félagslegra íbúða						
skipt eftir kjördæmum						
	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Samtals	
Kjördæmi:	m.kr.	%	m.kr.	%	m.kr.	%
Reykjavík	206,8	54,8	134,7	41,0	341,6	48,4
Reykjanes	56,8	15,0	76,0	23,1	132,8	18,8
Vesturland	12,5	3,3	14,3	4,3	26,8	3,8
Vestfirðir	8,6	2,3	13,7	4,2	22,3	3,2
Norðurland vestra	9,4	2,5	17,4	5,3	26,8	3,8
Norðurland eystra	51,0	13,5	30,8	9,4	81,8	11,6
Austurland	12,6	3,3	17,9	5,4	30,5	4,3
Suðurland	19,6	5,2	23,9	7,3	43,5	6,2
SAMTALS	377,2	100,0	328,8	100,0	705,9	100,0

Tiltölulega hátt hlutfall bóta til almennra leiguíbúða, þ.e. um 55%, rennur til Reykjavíkur þar sem um 40% landsmanna búa og að sama skapi er hlutfallið frekar lágt á Reykjanesvæði, þar sem um 27% landsmanna eru búsettir. Að öðru leyti má segja að bæturnar skiptist yfirleitt í tiltölulega góðu samræmi við skiptingu landsmanna eftir landshlutum. Á landsbyggðinni, nema á Norðurlandi eystra, rennur meira af bótafénu til félagslegra íbúða og á það sama við á Reykjanesi.


Mynd 4
Greiðslur húsaleigubóta vegna almennra og félagslegra
leiguíbúða
(m. kr. á föstu verðlagi í júní 2002)



Mynd 4 sýnir þróun bótagreiðslanna til bæði almennra og félagslegra íbúða frá upphafi húsaleigubótakerfisins. Svo sem sjá má náðu almennu bótagreiðslurnar hámarki árið 1998 og hafa farið örlítið lækkandi eftir það. Bætur til íbúa í félagslegum íbúðum hafa hins vegar farið hraðvaxandi frá því að farið var að greiða slíkar bætur árið 1998 og er nú svo komið að sem næst helmingur allra greiðsla rennur til íbúa í félagslegum leiguíbúðum.

5. Staða bótaþega


Stöðu bótaþega samkvæmt árlegri könnun í maí 2001 má sjá á mynd 5. Af öllum bótaþegum voru 36% á vinnumarkaði, sem er mun lægra hlutfall en meðal heildarhóps þjóðarinnar. Öryrkjar voru 25% bótaþega, 14% voru aldraðir og 18% voru í námi. Húsleigubæturnar eru augljóslega húsnaðispolitísk aðgerð sem mesta þýðingu hefur fyrir lágtekjuhópa og eru því í raun mjög vel virkt stjórnþæki til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu. Breytingar á þessari skiptingu frá fyrri árum eru óverulegar.



Einnig er sýnt í mynd 5 hvernig staða bótaþeganna er breytileg eftir byggðastigi. Í ljós kemur meðal annars að hlutfall vinnandi er lægst í Reykjavík, en hins vegar er hlutfall öryrkja og atvinnulausra meðal bótaþega tiltölulega hátt í höfuðborginni. Hlutfall aldraðra í hópi bótaþega reyndist vera hæst á landsbyggðinni og sama á við hlutfall námsfólks (sjá nánar í töflu 5 í viðauka).

Mynd 6 sýnir hvernig innbyrðis skipting bótaþega eftir mismunandi stöðuhópum hefur þróast tímabilið 1995–2001.


Mynd 6
Staða bótaþega á árunum 1995–2001




Eins og myndin ljóslega sýnir þá hefur hlutfall aldraðra og öryrkja innan hóps bótaþega aukist nokkuð á tímabilinu. Hins vegar hefur hlutfall fólks á vinnumarkaði eða í námi lækkað talsvert.

6. Fjölskyldugerð bótaþega

Mynd 7 sýnir skiptingu bótaþega í maí 2001 eftir fjölskyldugerð og byggðastigi. Meirihluti bótaþega á landinu voru einhleypir eða 53%, 29% voru einstæðir foreldrar og aðeins 18% voru giftir eða í sambúð. Skiptingin er nánast óbreytt milli ára.



Mynd 7 sýnir einnig að hlutfall einhleyptra er fremur hátt í Reykjavík. Hlutfall einstæðra er hátt í grannsveitarfélögum Reykjavíkur og á Suðurnesjum. Hlutfall giftra og sambúðarfólks er á hinn bóginn hæst á landsbyggðinni en lægst í Reykjavík (sjá nánar í töflu 6 í viðauka).



Mynd 8 sýnir fjölda bótaþega eftir gerð heimila og því hvort börn séu á heimilinu. Meðal heildarfjölda bótaþega er barnafólk í minnihluta, þ.e. um 38%. Bæði meðal giftra og sambúðarfólks eru hins vegar barnafjölskyldur í meirihluta. Sé miðað við

heildarfjöldi heimila, sem er 4.588, kemur í ljós að 53% þeirra heimila er njóta húsaleigubóta eru heimili einhleypra og barnlausra einstaklinga (sjá nánar í töflu 7 í viðauka).

7. Tekjur bótaþega

Tafla 3 sýnir fjölda bótaþega eftir tekjum heimilis árið 2001, bæði í almennum og félagslegum leiguíbúðum.

Eins og áður hefur komið fram þá hefur hlutfall bótaþega í félagslegum íbúðum hækkað smátt og smátt og eru nú orðnir nærfellt jafnmargir og bótaþegar í almennum íbúðum. Athygli vekur að tekjumunur er lítill milli þessara tveggja hópa sem skiptast næsta jafnt milli tekjuhópa, en þó reyndust 68% bótaþega í félagslegum íbúðum hafa lægri árstekjur en 1.400 þúsund krónur, samanborið við 61% almennra bótaþega. Almennt séð eru bótaþegar húsaleigubótakerfisins úr hópi lágtekjufólks, því 88% allra bótaþega bjuggu árið 2001 við lægri heildartekjur en 2 milljónir króna, enda fara bætur ört lækkandi samkvæmt gildandi útreikningsreglum, eftir því sem tekjur bótaþega hækka.

Tafla 3 Skipting bótaþega 2001 í almennum og félagslegum íbúðum eftir tekjum heimilis						
Árstekjur heimilis	Almennar íbúðir		Félagslegar íbúðir		Íbúðir samtals	
	Fjöldi bótaþega	%	Fjöldi bótaþega	%	Fjöldi bótaþega	%
Minna en 800 þús.	836	35,0	757	34,6	1.593	34,8
800–1.100 þús.	366	15,3	439	20,1	805	17,6
1.100–1.400 þús.	244	10,2	293	13,4	537	11,7
1.400–1.700 þús.	447	18,7	321	14,7	768	16,8
1.700–2.000 þús.	166	7,0	131	6,0	297	6,5
2.000–2.300 þús.	173	7,2	103	4,7	276	6,0
2.300–2.600 þús.	75	3,1	61	2,8	136	3,0
Meira en 2.600 þús.	80	3,4	80	3,7	160	3,5
Samtals	2.387	100,0	2.185	100,0	4.572	100,0

8. Fjöldi leiguíbúða eftir stærð

Eins og sýnt er í töflu 4 reyndust 46% allra íbúða bótaþega árið 2001 vera tveggja herbergja íbúðir og um 35% voru þriggja herbergja íbúðir. Samtals 80,5% íbúðanna voru tveggja og þriggja herbergja íbúðir (sjá nánar í töflu 8 í viðauka).

Tafla 4 sýnir einnig meðalleigu á mánuði eftir stærð íbúðanna. Meðalleigan hækkar um 5.000 kr. fyrir hvert herbergi sem bætist við stærð íbúðanna. Undantekning frá þessu er sú að mjög litlu munar á meðalleigu fjögurra og fimm herbergja íbúða. Ljóst er að væri meðalleiga miðuð við leiguverð á fermetra þá væri hún mun lægri í stærri íbúðunum en hinum minni (sjá nánar í töflu 9 í viðauka).

Tafla 4			
Skipting íbúða bótaþega 2001			
<i>eftir herbergjafjölda og meðalleigu á mánuði</i>			
	Fjöldi íbúða	%	Meðalleiga á mánuði, kr.
2 herbergja	1.834	46,0	30.812
3 herbergja	1.375	34,5	34.541
4 herbergja	635	15,9	39.243
5 herbergja	131	3,3	40.324
6 herbergja	15	0,4	45.276
Samtals	3.990	100,0	33.806

9. Lengd húsaleigusamnings

Tafla 5 sýnir lengd húsaleigusamninga og hvernig þróun þessa atriðis hefur verið árin 1999–2001. Breytingar eru svo sem sjá má mjög litlar milli ára, að því þó undanteknu að leigutökum með ótímabundna leigusamninga hefur fækkað úr 60% árið 1999 í 55% árið 2001.

Tafla 5			
Skipting íbúða bótaþega 1999–2001			
<i>eftir lengd húsaleigusamnings</i>			
Lengd húsaleigusamnings	1999	2000	2001
6–12 mánuðir	14%	11%	15%
1–2 ár	16%	22%	19%
2–3 ár	3%	2%	4%
3 ár eða lengri	3%	3%	3%
Ótímabundinn	60%	57%	55%
Búsetar	4%	4%	4%
Samtals	100%	100%	100%

Öll þau ár sem þessar upplýsingar hafa verið teknar saman hafa ótímabundnir samningar verið algengastir. Stystu samningarnir, til minna en eins árs, voru 15% allra samninga, samningar til 1–2 ára um 20%. Samningar til lengri tíma eru fremur fáir og það sama á við um heildarfjölda búseta í hópi húsaleigubótaþega (sjá nánar í töflu 10 í viðauka).

Viðauki

Samráðsnefnd um húsaleigubætur (Upplýsingaöflun maí 2001)

Tafla 1. Yfirlit eftir landshlutum

Sveitarfélag	SKIL	Fjöldi bótaþega í maí 2001			Fjárhæð gr. bóta í maí 2001			Nýjar umsóknir			Greiddar bætur frá 1. jan. til og með maí
		Fjöldi bótaþega í alm. íb.	Fjöldi bótaþega í fél. íb.	Samtals fjöldi bótaþega í maí	Fjárhæð gr. bóta v. alm. íb.	Fjárhæð gr. bóta v. fél. íb.	Samtals fjárhæð gr. bóta í maí	Fjöldi nýrra ums. v. alm. íb.	Fjöldi nýrra ums. v. fél. íb.	Samtals fjöldi nýrra umsókna	
Reykjavík	100%	1.368	880	2.248	17.620.328	10.731.078	28.351.406	57	7	64	132.672.561
Reykjanes	100%	338	477	815	4.326.556	6.139.547	10.466.103	14	8	22	48.942.371
Vesturland	100%	76	88	164	985.824	1.064.759	2.050.583	10	1	11	10.407.802
Vestfirðir		56	90	146	695.437	1.176.116	1.871.553	3	3	6	8.590.293
Norðurland vestra	100%	74	125	199	735.707	1.433.816	2.169.523	0	4	4	10.699.836
Norðurland eystra	92%	319	226	545	4.111.196	2.616.911	6.728.107	11	9	20	32.245.805
Austurland	100%	91	130	221	1.069.414	1.348.925	2.418.339	6	4	10	11.980.224
Suðurland	96%	119	154	273	1.376.276	1.773.300	3.149.576	2	1	3	15.174.469
SAMTALS	98%	2.441	2.170	4.611	30.920.738	26.284.452	57.205.190	103	37	140	270.713.361

JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA Húsaleigubætur 2001

ALLT ÁRIÐ 2001

Tafla 2.

KJÖRDÆMIN:	Samtals alm. íbúðir	Samtals fél. íbúðir	Greiðsla sveitarfélög	Samtals 58%	Samtals 5%	Alls leiðr. v/fyrri ára	Samtals gr.e. ársfj.	Heildargr. á árinu
Reykjavík	206.816.891	134.736.480	341.553.371	198.100.955	9.905.048	387.107	188.583.014	188.583.014
Reykjanes	56.754.920	76.014.290	132.769.210	77.006.142	3.850.307	277.627	73.433.462	73.433.462
Vesturland	12.502.872	14.276.962	26.779.834	15.532.304	776.615	7.051	14.762.740	14.762.740
Vestfirðir	8.575.399	13.724.809	22.300.208	12.934.121	646.706	-83.635	12.203.780	12.203.780
Norðurl. vestra	9.380.630	17.430.559	26.811.189	15.550.490	777.524	46.021	14.818.986	14.818.986
Norðurl. eystra	50.962.970	30.799.258	81.762.228	47.422.092	2.371.105	129.531	45.180.519	45.180.519
Austurland	12.597.698	17.902.958	30.500.656	17.690.380	884.519	76.511	16.882.372	16.882.372
Suðurland	19.573.402	23.893.308	43.466.710	25.210.692	1.260.535	353.249	24.303.406	24.303.406
SAMTALS	377.164.782	328.778.624	705.943.406	409.447.175	20.472.359	1.193.462	390.168.279	390.168.279

Tafla 3. Hlutfall húsaleigubóta vegna almennra og félagslegra leiguíbúða árin 1999–2001, skipt eftir ársfjórðungum

Ársfj.	Greiðslur 1999		Greiðslur 2000		Greiðslur 2001	
	alm. leiguíb.	fél. leiguíb.	alm. leiguíb.	fél. leiguíb.	alm. leiguíb.	fél. leiguíb.
I. ársfj.	70%	30%	57%	43%	54%	46%
II. ársfj.	68%	32%	55%	45%	54%	46%
III. ársfj.	61%	39%	53%	47%	50%	50%
IV. ársfj.	60%	40%	55%	45%	55%	45%

Tafla 4. Hlutfall húsaleigubóta vegna almennra og félagslegra leiguíbúða árin 1999–2001, skipt eftir landshlutum

Kjördæmi	Greiðslur 1999		Greiðslur 2000		Greiðslur 2001	
	alm. leiguíb.	fél. leiguíb.	alm. leiguíb.	fél. leiguíb.	alm. leiguíb.	fél. leiguíb.
Reykjavík	78%	22%	64%	36%	61%	39%
Reykjanes	52%	48%	44%	56%	43%	57%
Vesturland	67%	33%	52%	48%	47%	53%
Vestfirðir	57%	43%	49%	51%	38%	62%
Norðurl. vestra	57%	43%	43%	57%	35%	65%
Norðurl. eystra	82%	18%	59%	41%	62%	38%
Austurland	46%	54%	38%	62%	41%	59%
Suðurland	56%	44%	49%	51%	45%	55%
Samtals	70%	30%	56%	44%	53%	47%

Tafla 5. Staða bótaþega á árunum 1995–2001

	ágúst 1995	júlí 1996	mars 1997	mars 1998	maí 1999	maí 2000	maí 2001
Atvinnulausir	13%	13%	13%	9%	7%	6%	6%
Ellilífeyrisþegar	5%	5%	5%	5%	11%	14%	14%
Heimavinnandi	2%	2%	3%	2%	1%	1%	1%
Í vinnu	41%	41%	32%	36%	36%	36%	36%
Nemar	21%	24%	33%	30%	23%	18%	18%
Öryrkjar	18%	15%	14%	18%	22%	24%	25%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Tafla 6. Fjölskyldugerð bótaþega á árunum 1995–2001

Fjölskyldugerð bótaþega	Ágúst 1995	Júlí 1996	Mars 1997	Mars 1998	Maí 1999	Maí 2000	Maí 2001
Einhleypir (kk., kvk.)	858 (47%) 47% / 53%	1146 (50%) 52% / 48%	1322 (54%) 52% / 48%	1386 (52%) 42% / 58%	2080 (53%) 40% / 60%	2253 (54%) 39% / 60%	2433 (53%) 39% / 61%
Einstæðir foreldrar (kk., kvk.)	430 (23%) 3% / 97%	8580 (47%) 5% / 95%	513 (21%) 3% / 97%	745 (28%) 2% / 98%	1215 (31%) 4% / 96%	1221 (29%) 4% / 95%	1312 (29%) 4% / 96%
Giftir eða í sambúð (án barna, með börn)	547 (30%) 36% / 64%	8580 (47%) 38% / 62%	603 (29%) 49% / 51%	553 (20%) 51% / 49%	617 (16%) 45% / 55%	719 (17%) 47% / 52%	843 (18%) 48% / 52%

Tafla 7. Hlutfall barnafjölskyldna á árunum 1995–2001

Fjölskyldugerð bótaþega	Ágúst 1995	Júlí 1996	Mars 1997	Mars 1998	Mai 1999	Mai 2000	Mai 2001
Einhleypir/giftir eða í sambúð án barna	1055 57%	1362 59%	1617 66%	1668 62%	2358 60%	2590 62%	2840 62%
Einstæðir foreldrar Giftir/samb.m.börn	780 43%	930 41%	821 34%	1016 38%	1554 40%	1596 38%	1748 38%

Tafla 8. Fjöldi leiguíbúða eftir herbergjafjölda, á árunum 1995–2001

Stærð leiguíbúða	Ágúst 1995	Júlí 1996	Mars 1997	Mars 1998	Mai 1999	Mai 2000	Mai 2001
2ja herbergja	56%	57%	56%	56%	52%	52%	46%
3ja herbergja	30%	30%	31%	29%	29%	29%	34%
4ja herbergja	11%	10%	10%	12%	15%	15%	16%
5ja herbergja	2%	2%	2%	2%	3%	3%	3%
6ja herbergja	1%	1%	1%	1%	1%	1%	0%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Tafla 9. Meðaltal greiddrar húsaleigu eftir stærð íbúða á árunum 1995–2001

Meðaltal greiddrar húsaleigu á mánuði	Ágúst 1995	Júlí 1996	Mars 1997	Mars 1998	Mai 1999	Mai 2000	Mai 2001
2ja herbergja	20.251	18.906	26.714	26.213	26.514	27.983	30.812
3ja herbergja	29.969	29.388	33.833	33.507	31.420	35.381	34.541
4ja herbergja	31.778	36.668	44.172	38.711	35.416	39.289	39.243
5ja herbergja	47.127	39.739	45.179	44.235	37.547	43.747	40.324
6ja herbergja	41.276	39.739	49.489	42.627	42.002	45.568	45.276

Tafla 10. Hlutfall lengdar leigusamninga á árunum 1995–2001

Lengd húsaleigusamninga	Ágúst 1995	Júlí 1996	Mars 1997	Mars 1998	Mai 1999	Mai 2000	Mai 2001
6 mán. og lengur	11%	10%	8%	14%	14%	11%	15%
1 árs og lengur	32%	26%	13%	24%	16%	22%	19%
2 árs og lengur	3%	8%	21%	1%	3%	2%	4%
3 árs og lengur	1%	3%	9%	10%	3%	3%	3%
Ótímabundnir	48%	47%	44%	46%	60%	57%	55%
Búsetar	5%	6%	5%	5%	4%	4%	4%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%